

Forsætisnefnd

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um táknmálmálstúlkun á fundi borgarstjórnar

Á fundi borgarstjórnar þann 3. september 2019 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins til meðferðar forsætisnefndar:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að borgarstjórnarfundir verði túlkaðir á táknmáli. Borgarstjórnarfundir eru tvisvar í mánuði að meðaltali 6-7 klukkustundir hver. Hér er um mannréttindamál að ræða og með því að táknmálmálstúlka fundi borgarstjórnar er borgarstjórn að framfylgja lögum. Tillagan er liður í að rjúfa enn frekar einangrun heyrnarskertra og heyrnarlausra einstaklinga. Þessi hópur á rétt á því að fá upplýsingar úr samfélaginu og þ.m.t. að geta fylgst með umræðu á sviði stjórnmalanna. Íslenska og táknmál heyrnarlausra eru jafn rétt há. Talið er að um 350-400 einstaklingar reiða sig á íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta. Að táknmálmálstúlka fundi borgarstjórnar er vel gerlegt. Hægt er að sjá fyrir sér að túlkunin yrði í útsendingunni frá fundinum, þ.e. sér myndavél væri á túlkunum og túlkunin í glugga á skjánum. Þá getur fólk farið inn á útsendinguna hvar sem það er stadd í borginni. Kostnað við að táknmálmálstúlka borgarstjórnarfundir er lagt til að verði tekið af liðnum „ófyrriséd“. Verkið yrði boðið út samkvæmt útboðsreglum borgarinnar. Í útboði þarf að tryggja að þeir sem gera tilboð í verkið séu með menntun á sviði táknmálmálstúlkunar. Þær tæknilegu breytingar sem þyrftu að koma til færu einnig í útboð.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er um mannréttinda- og réttlætismál að ræða og á meirihlutinn ekki að sjá eftir fé sem fer í að túlka borgarstjórnarfundir. Íslenska og táknmál eru samkvæmt lögum jafn rétt há. Borgarfulltrúa þykir miður að hlusta á viðbrögð meirihlutans en borgarfulltrúi Samfylkingar í ræðu sinni talaði strax tillöguna niður og vildi meina að túlkun eins og þessi kostaði mikið álag, mikið fé og að ekki hafi heyrst háværar raddir eftir þessari þjónustu o.s.frv. Það er ekki borgarfulltrúa að meta hvort táknmálmálstúlkun er erfíð eða flókin eða kalli á mikinn undirbúning heldur þeirra sem ráðnir yrðu til að túlka. Að öðru leyti fagnar borgarfulltrúi Flokks fólksins að tillögunni var alla vega vísað áfram en hvorki felld né vísað frá á þessu stigi.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Fulltrúar meirihlutans vilja undirstrika að jákvætt var tekið undir að auka aðgengi minnihlutahópa að umræðum sem fram fara í borgarstjórn Reykjavíkur. Bent var á að túlkun sé ábyrgðarfullt starf þar sem vanda þarf til verka. Eðlilegt er að skoða allar leiðir til að allir borgarbúar geti fylgst með því sem fram fer á fundum borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins